

Bílablaðið

5. OKTÓBER 2021

FRÉTTABLAÐIÐ



Kia EV6 – Rós í hnappagat Kia

Samkeppni á milli rafdrifinna jepplinga fer nú ört vaxandi og nýjasta viðbótin er Kia EV6 sem væntanlegur er á markað innan skamms. Blaðamaður Bílablaðsins prófaði hann í Þýskalandi á dögum. **4**

MYND/BERNHARD KRISTINN



Toyota Yaris Cross kemur á markað á næstu vikum á Íslandi en bílnum var nýlega reynsluekið í Brussel. **6**



Bronco-jeppinn gæti verið á leið til Evrópu í tengiltvinnútgáfu en Brimborg skoðar nú innflutning beint frá Bandaríkjunum. **2**



Genesis GV60 er systurbíll Kia EV6 og Ionic 5 en með meiri áherslu á lúxus. Þótt farið sé að selja merkið í Evrópu eru enn engar fréttir af sölu þess hérlandis. **5**

ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þau reynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.





Sala á Model Y er einnig mikil á Íslandi um þessar mundir en hann var lang-söluhæstur í september með 272 eintök.

FRÉTTABLADIÐ/VALLI

Fjórir af hverjum fimm bílum rafdrifnir

Noregur er land sem státar af mestri sölu rafbíla í heiminum. Mikil sala á bílum frá Tesla hefur hjálpað til þess að fjórir af hverjum fimm nýjum bílum sem þar eru seldir eru nú rafbílar.

njall@frettabladid.is

Hreinir rafbílar voru 77,5% seldra bíla í september á þessu ári samkvæmt Samgöngustofu Noregs en hlutfallið var 61,5% á sama tíma í fyrra. Mest seldi billinn er Tesla Model Y með 19,8% allra seldra bíla. Í öðru sæti er Tesla Model 3 með 12,3% en langt fyrir aftan í þriðja sæti er Skoda Enyaq með 4,4%.

Þrátt fyrir að Noregur sé eitt af helstu olíuríkjum veraldar stefnir landið að því að hætta sölu á bílum með brunahreyflum strax árið 2025. Miklar vinsældir rafbíla eru

ekki sist fyrir þá stefnu stjórnvalda að rukka engan skatt af sölu þeirra, en það gæti komið til með að breytast á næstunni.

Í Noregi er nú vinstristjórn sem hefur heitið því að setja 25% virðisaukaskatt á alla bíla sem kosta yfir 600.000 norskar krónur. Það jafngildir um það bil 9 milljónum íslenskra króna svo að báðir Tesla-bílarirnir geta vel við unað en sumir lúxusbílar gætu orðið fyrir bardinu á þessum áætlunum. Tesla Model S og Model X eru þó yfir markinu og einnig margir bílar frá Porsche, Audi, Mercedes-Bens og BMW svo eitthvað sé nefnt. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvað slíkar áætlanir hafa í för með sér en flestir eru þó sammála um að þær gætu hægt á yfirtöku rafbílsins í Noregi. Framleiðendur gætu einnig brugðist við með verðlækkunum þar sem Noregur er mikilvægt markaðssvæði rafbíla. ■

Honda Civic Type R í felubúningi á Nurburgring

Honda Civic Type R er væntanlegur í nýrri útfærslu á næsta ári. Honda ætlar líka að koma með Integra-nafnið aftur á markað en aðeins í Kína eins og er.

njall@frettabladid.is

Honda hefur látið frá sér fyrstu opinberu myndirnar af næstu kynslóð Type R-bílsins. Á myndunum er billinn sýndur í felubúningi við prófanir á Nurburgring-brautinni í Þýskalandi og sýna þær lítils háttar breytingar á því róttæka útliti bílsins sem verið hefur við lýði síðan 2015. Billinn byggir samt sem áður á grunni elleftu kynslóðar Honda Civic-fjölskyldubílsins sem frumsýndur var í júní.

Að framan fær billinn díóðu-aðalljós ásamt endurhönnuðu grilli og stuðara. Einnig virðast loftinntök að framan eitthvað breytt en felubúningurinn gerir sitt til að fela þær breytingar. Type R verður breiðari en hefðbundinn Civic og því eru hjólskálar hans breiðari, en sílsinn virðist einnig vera breiðari og með vindbrjót við afturhjólin. Afturendinn er breyttur og þá sérstaklega neðst þar sem kominn er stærri loftdreifir. Þrískipt þústkerfið heldur sér með breiðara röri í miðjunni, og komin er risastór vindskeið á skottlokið. Ekki er gert ráð fyrir að billinn fái neitt rafdrif í næstu kynslóð en Honda hefur þó ekki gefið það út ennþá.

Önnur fræg sportútgáfa Honda er Integra sem var á markaði sem tveggja dyra sportbíl frá 1985-2005. Honda er að setja nýja kynslóð Integra á markað en



Breytingarnar á nýjum Type R eru látlausar enda var útlit bílsins róttækt fyrir.



Honda Integra í Kína verður sportlegri útgáfa Honda Civic ef svo má segja.

» Að framan fær Type R díóðu-aðalljós ásamt endurhönnuðu grilli og stuðara. Einnig virðast loftinntök að framan eitthvað breytt.

aðeins í Kína. Acura er lúxusmerki Honda og nýlega var Acura Integra kynntur í Bandaríkjunum sem byggir á nýjustu kynslóð Honda Civic. Í Kína er Honda-nafnið notað á bilinn þar sem Honda Civic er seldur þar í landi í samstarfi við Dongfeng. Þess vegna er ný Integra fjögurra dyra bíll en þó með sportlegra útliti en hefðbundinn Civic. Hann verður líka aðeins búinn beinskiptingu og líklega 180 hestafla 1,5 lítra vélinni úr Civic, sem seldur er í Kína með CVT-sjálfskiptingu. ■

Ford Bronco gæti komið til Evrópu

Brimborg vinnur að því að fá Bronco beint frá Bandaríkjunum.

njall@frettabladid.is

Samkvæmt forstjóra Ford, Jim Farley, gæti Ford Bronco verið á leið í sýningarsali í Evrópu. Lét hann hafa það eftir sér í viðtali við vefmiðilinn AutoExpress á Goodwood Revival bílahátíðinni. „Ég er bara að biða eftir að Evrópu-deildin ákveði sig,“ sagði Farley

við það tækifæri. „Við sjáum hvað Defender er vinsæll hérna megin við hafið og því ætti Ford Bronco að virka vel hér líka.“

Ford Bronco hefur verið rifinn út vestanhafs síðan hann kom á markað. Biðlistar ná langt fram á næsta ár, bæði fyrir tveggja og fjögurra dyra útgáfurnar. Hægt er að velja um 2,7 lítra sex strokka vél sem er 325 hestöfl og fjögurra strokka 296 hestafla 2,3 lítra EcoBoost-vél sem er líklegri kostur ef Bronco-jeppinn kemur til Evrópu.



Leið margra amerískra bíla inn á Evrópu-markað virðist vera að bjóða tengiltvinn-útgáfur.

Ford hefur gefið visbendingar í þá átt að rafdrifinn Bronco gæti verið á leiðinni. Stytttra er þó í Raptor-útgáfu sem verður með 395 hestafla V6-vél undir húddinu. Komi Bronco til Evrópu er líklegt að það verði ekki fyrr en árið 2023. Að sögn Gísla Jóns Bjarnasonar, sölustjóra hjá Brimborg, er umboðið hérna heima að leggja sig fram við að fá Bronco til landsins. „Við erum að vinna í því að fá bíla beint frá Bandaríkjunum,“ sagði Gísli enn fremur. ■



MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

Deegan 38 All Terrain

Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson

5 stærðir á lager:

265/70R16 verð 40.800 kr.

265/70R17 verð 37.500 kr.

265/65R18 verð 44.800 kr.

285/70R17 verð 49.900 kr.

265/50R20 verð 39.900 kr.

lcetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



Þótt prófunarbillinn sé með yfirbyggingu núverandi kynslóðar má sjá ákveðnari framstuðara.

Skoda prófar nýja kynslóð Superb

njall@frettabladid.is

Nýlega náðust njósnamyndir af Skoda Superb við prófanir en þar virðist vera á ferðinni næsta kynslóð Superb með yfirbyggingu núverandi kynslóðar sem felubúnað. Fjórða kynslóð Superb verður frumsýnd árið 2023 ásamt arftaka Passat en báðir verða byggðir á sama MQB-undirvagninum.

Það að notast sé við yfirbyggingu núverandi bíls bendir til þess að stærðin muni breytast lítið og að

sams konar vélbúnaður verði í boði áfram með áherslu á tengiltvinn-útgáfur. Búast má við tveimur slíkum sem báðar nota 1,4 lítra bensínvélina, en sú aflminni er í kringum 200 hestöfl. Einnig verður í boði útfærsla með 242 hestöfl en sú útgáfa fær stærri rafhlöðu en þá 13 kWst sem nú er í boði ásamt meira drægi. Bann við brunahreyflum tekur gildi 2030 og mun svo enda líf þessarar kynslóðar og þess vegna vill Skoda leggja minni áherslu á breytingar fram að því. ■



Fagnaðu hausti

ID.4 GTX

Fjór hjóladrifinn fjölskyldubíll 

Þú getur sérsniðið ID.4 GTX
að þínum óskum og pantað
draumabílinn á www.hekla.is/gtx



Fjór hjóladrifinn ID.4 GTX

Nýr ID.4 GTX er fullvaxinn, fjór hjóladrifinn rafmagnsbíll sem fær 5 stjörnur í árekstrarprófunum NCAP. Hann býr yfir 77 kWst rafhlöðu og drægni allt að 480 km. (WLTP). Hann er sneisafullur af áhugaverðum staðalbúnaði eins og þráðlausri farsímahleðslu, 20" álfelgum, varmadælu, árekstrarvöktun, akreinavara, lyklalausri ræsingu og fleiru. Tryggðu þér þitt eintak. **Komdu í reynsluakstur!**

Verð frá **7.150.000** kr.



WORLD CAR AWARDS

Leiðin að núllinu
ZERO

Fylgdu okkur!



@volkswagen

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Kia EV6 GT Line

KOSTIR

- Fjöðrun
- Pláss

GALLAR

- Fjarlægð í upplýsingaskjá
- Ofvirkur akreinavari

Grunnverð: 7.190.777 kr.

Hestöfl: 325

Tog: 605 Nm

Upptak 0-100 km: 5,2 sek.

Hámarkshraði: 190 km/klst.

Drægi: 528 km

Rafhlaða: 77 kWst

L/B/H: 4.695/1.890/1.550 mm

Hjólhaf: 2.900 mm

Farangursrými: 490 lítrar

Dráttargeta: 1.600 kg

Rós í hnappagat Kia

Kia EV6 var nýlega kynntur fyrir blaðamönnum í Frankfurt í Þýskalandi. Þar fengu tveir íslenskir bílblaðamenn sötthreinsað eintak til afnota í heilan dag sem var vel notaður til að keyra um sveitavegi og hraðbrautir í bland.

Kia EV6 kemur inn á mikinn samkeppnismarkað rafdrifinna jepplinga um þessar mundir en fyrir eru bílar eins og VW ID.4, Tesla Model Y og nýkominn systurbíll EV6 sem er Ionic 5. Kia EV6 er byggður á sömu E-GMP botnplötu og Ionic 5 og deila þeir mörgu eins og rafmótorum og 800 volta rafkerfi. Samt er margt ólíkt með bílunum þegar betur er að gáð, en Ionic 5 er aðeins stærri með meira hjólhaf og stærra farangursrými. Á móti kemur að EV6 fær aðeins stærri rafhlöðu sem er 77,4 kWst. Við fengum vel búinn GT-Line S til prófunar í Frankfurt en sú útgáfa er fjórhjóladrifin og skilar 325 hestöflum.

Flottur frágangur

Þótt að við hefðum forframleiðslubíl til prófunar var nákvæmlega ekkert út á frágang bílsins að setja. Kia EV6 er fallega hannaður að innan og er miðjustokkur aðeins á milli sæta en kemur í fallegum boga upp að mælaborði bílsins án þess þó að snerta það. Mælaborðið er tiltölulega flatt og þegar búið er að stilla rafknúði sæti að sínum þörfum er frekar langt að teygja sig í upplýsingaskjá bílsins. Sætin eru þægileg þótt maður sitji frekar lágt miðað við gólfíð og gaman er að aukafidus eins og hæginda-stólsstillingu, sem gott er að nota meðan verið er að hlaða bílinn. Með því að ýta á þann takka fer sætið aftur og leggur bakið langt aftur svo að ökumaður getur lagt sig á meðan. Plássið er best í bílnum í aftursætum þar sem fótarárými er umtalsvert en einnig er það gott í farangursrými eða 490 lítrar.

Sérhönnuð fjöðrun

Billinn er þægilegur í akstri og mjúkur í Eco-stillingunni en breytir vel um ham í Sport-stillingunni. Hann verður þá mjög snöggur af stað eða um 5,2 sekúndur, en það sem er meira um vert er að hann er líka snöggur að auka hraðann hvar sem er á hraðasviðinu. Aðstoðarbúnaður eins og akreinavari virkar vel en þá togar billinn í stýrið, meira að segja fyrir beygjur fram undan. Þegar ekið var greitt var eins og billinn treysti ekki alveg ökumanninum og fann maður hvað billinn var stundum byrjaður að beygja áður en maður lagi sjálfur snöggt á stýrið. Kia lagði það á sig að þróa sérstaklega marga hluti fyrir þennan bíl er viðkoma akstursánægju ökumannsins. Til að mynda hefur ZF sem framleiðir íhluti í fjöðrunarbúnað þróað í samstarfi við Kia sérstakan ventlabúnað sem stýrir fjöðrunarkerfi bílsins. Ventillinn sér um að hleypa demparavökv-anum fljótar til baka til að minnka endurkast á fjöðruninni undir álagi. Um leið virkar kerfið eins og eðlilegt er þegar minna álag er á því svo að billinn verður ekki



Kia EV6 er fallegur bíll á alla kanta og upphækkuð ljósarönd rammar inn útlitið.

MYNDIR/BERNHARD KRISTINN



Það er gott pláss í framsætum bílsins og stjórnbúnaður innan seilingar fyrir utan snertiskjáinn hægra megin.



Meðal aukabúnaðar er þetta rafmagnstengi fyrir 220 volt sem stungið er beint í hleðslutengi bílsins.

Óhætt er að segja að billinn sé meira að segja hljóðlátur á hámarkshraða sínum sem er 190 km á klst.

of stífur undir hefðbundnu álagi. Einnig voru hjólbarðar bílsins þróaðir sérstaklega til að gera hann hljóðlátari og óhætt er að segja að billinn er meira að segja hljóðlátur á hámarkshraða sínum sem eru 190 km á klst.

Akandi orkustöð

Eins og í mörgum nýjum rafbílum eru alltaf einhverjar nýjungar og er EV6 ekkert öðruvísi þar. Með bílnum fylgir sérstakur tengikubbur sem settur er í hraðtengi bílsins



Tveir stórir upplýsingaskjáir eru allsráðandi í mælaborði EV6.

og er þá hægt að tengja bílinn við hvaða 220 volta raftæki sem er. Á meðan á reynsluakstrinum stóð stoppuðu margir til að skoða bílinn betur og meðal annars ungur Þjóðverji á Tesla Model 3. Hann var forvitinn um bílinn og búnað hans og sýndum við honum þetta og spurðum hvort við ættum ekki að hlaða bílinn hans. Við prófuðum að setja bílinn hans í samband við EV6 og það var eins og við manninn mælt, Teslan fór að hlaða sig. Þetta gæti bjargað mörgum rafbílnum frá að þurfa dýran flutning ef hann yrði rafmagnslaus því að auðvelt er á þennan hátt að hlaða nokkrum kílómetrum inn á bílinn til að hann komist á næstu hleðslustöð.

Gott verð á vel búnum bíl

Að bera saman verð bíla er ekki einfalt mál og skiptir máli að velja sambærilega bíla og einnig svipaðan búnað. Hérlandis eru sam-

bærilegir bílar helst Ionic 5, Tesla Model Y og Mustang Mach-E og svo kannski VW ID.4 þar sem hann er kominn í GTX-útgáfu líka. Kia EV6 kostar frá 5.990.777 kr. en með fjórhjóladrifi frá 6.490.777 kr. en er þá með minni rafhlöðunni. Grunnverð fjórhjóladrifins EV6 með stærri rafhlöðunni er 7.150.777 kr. Tesla Model Y er aðeins faanlegur með fjórhjóladrifi og er á 7.900.000 kr. Mustang Mach-E kostar frá 6.890.000 kr. en með fjórhjóladrifi frá 7.990.000 kr. Hyundai Ionic 5 byrjar í 5.990.000 kr. og með fjórhjóladrifi og stærri rafhlöðu er hann frá 6.990.000 kr. Loks er VW ID.4 frá 5.290.000 kr. en með fjórhjóladrifi frá 7.150.000 kr. Því má segja að verð Kia EV6 sé í góðu meðallagi því að um vel útbúinn bíl er að ræða, jafnvel í Style-útgáfunni. Má þar nefna árekstrarvara, fjarlægðarskynjara, hita í stýri, díóðuljós allan hringinn og rafdrifinn afturhlera. ■



Meðal þess sem ber fyrir augu innan dyra eru skjáir fyrir hliðarspegla og girskiptir úr kristalskúlu, sem snýst við þegar hönd ökumanns nálgast.

Genesis GV60 fær allt að 429 hestöfl

Genesis er lúxusmerki Hyundai en þótt farið sé að bjóða merkið í Evrópu hefur enn sem komið er ekki þótt ástæða til að bjóða það hérlandis. Billinn var frumsýndur í ágúst og er ætlað að keppa við bíla eins og BMW iX3.

Tilkynnt hefur verið um helstu tölur og búnað í nýjum rafbíl frá Genesis, sem er lúxusmerki Hyundai. Von er á þessum lúxus-rafbíl Genesis á markað strax á næsta ári en hann kemur á sama

undirvagni og Kia EV6 og Hyundai Ionic 5. Þótt þeir deili botnplötu er allt annað sérhannað af hverjum framleiðanda og deila þeir ekki neinum hlut í yfirbyggingu sinni.

Er GV60 annar rafdrifni bíll Genesis á markað í Evrópu en fyrir er G80-fólksbíllinn. Þótt farið sé að selja Genesis -merkið í Evrópu er alls óvíst hvort það komi hingað til lands. Að sögn Ragnars Steins Sigþórssonar, sölustjóra hjá Hyundai, hefur umræða um hvort Genesis-merkið komið til Íslands ekki farið fram enn þá.

Þótt að systurbílarirnir fái bæði



Að framan er grillið undir neðri hluta bílsins gert til að kæla rafhlöðuna þegar þess er þörf.

» **Genesis GV60 verður með fjölíða MacPherson-fjöðrun að framan og fimm líða fjöðrun að aftan.**

58 og 77,4 kWst rafhlöðu verður Genesis GV60 aðeins boðinn með stærri rafhlöðunni. Grunngerðin verður 226 hestöfl með afturdrifi og 450 km drægi. Tvær fjórhjóladrífsútgáfur verða einnig í boði og er sú minni 314 hestöfl. Er sú aflminni aðeins langdrægari eða með 400 km drægi en sú öflugri með 370 km drægi.

Genesis GV60 verður boðinn í þremur aflútfærslum en sú öflugasta verður fjórhjóladrifin, 429 hestöfl með svokallaðri „Boost“ stillingu. Fær bíllinn þá meira afl í 10 sekúndur sem

gerir honum kleift að komast í hundraðið á fjórum sekúndum sléttum. Að sögn Genesis er hann líka með falinni skrikstillingu (Drift Mode) hvað sem það nú þýðir. GV60 verður með fjölíða MacPherson fjöðrun að framan og fimm líða fjöðrun að aftan. Myndavél framan á bílnum skóðar veginn og stillir fjöðrunina eftir því sem fram undan er. Myndavélar gegna fleiri hlutverkum í bílnum því að í B-bitanum er myndavél sem greinir andlit þess sem nálgast bílinn og opnar fyrir þeim rétta. ■

JEPPA- OG JEPPLINGADEKK

VÖNDUÐ DEKK FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR
KANNAÐU ÚRVALIÐ! [VERSLUN.ARCTICTRUCKS.IS](https://www.arctictrucks.is)

EXPLORE WITHOUT LIMITS

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
Öll almenn dekkþjónusta á staðnum.
Tímapantanir í síma 540 4900.

Arctic Trucks Ísland ehf | Kletthálsi 3 110 Reykjavík | Sími: 540 4900 | Netfang: info@arctictrucks.is | www.arctictrucks.is



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Toyota Yaris Cross

KOSTIR

- Farangursrými
- Búnaður

GALLAR

- Stutt seta í framsætum
- Fótapláss aftur í

Grunnverð: 4.750.000 kr.
Hestöfl: 114
Tog: 120 Nm
Hröðun 0-100 km: 11,2 sek

Hámarkshraði: 170 km
L/B/H: 4.180/1.765/1.560 mm
Hjólhaf: 2.550 mm
Veghæð: 170 mm

Farangursrými: 390 lítrar
Eigin þyngd: 1.150 kg
Dráttargeta: 750 kg
Eyðsla WLTP: 4,5 l/100 km



Framenda Yaris Cross svipar mikið til hins ákveðna framenda RAV4.
MYNDIR/TOYOTA

Enn bætist í jepplingaflóru Toyota

Stutt er í að nýr Yaris Cross verði frumsýndur á Íslandi en það verður á allra næstu vikum.

Það ráku margir eflaust upp stór augu snemma á síðasta ári þegar fregnir bárust af því að Yaris í jepplingsútgáfu væri að vænta á þessu ári. Nú er bíllinn kominn á markað og stutt í að sala á honum hefjist á Íslandi en hann mun koma sterkur inn í samkeppni smærri jepplinga. Íslenskir bílablaðamenn brugðu undir sig betri fætinum til Brussel á dögunum þar sem bílnum var reynsluekið, en hann verður boðinn í bæði framdrifinni tvinnútgáfu og fjórhjóladrifsútgáfu með rafdrifnu afturdrifi.

Með góða veghæð
Það sést vel að útlitið er sótt til stóra bróður hans, RAV4. Bíllinn byggir á sömu botnplötu og hefðbundinn Yaris en er með 25 mm meiri veghæð eða 170 mm. Sæti hans voru lækkuð örlítið og þess vegna situr ökumaður 22 mm hærra til að fá meira höfuðrými. Þar sem bíllinn er í eðli sínu smábíll kemur ekki á óvart að setan sé stutt en það virkar samt dálítið öfugsnúið á ökumanninn. Að sitja í stuttu sæti á hærri bíl eins og þessum er eins og að sitja á háum kolli. Eins kemur ekki á óvart að fótarymi sé í minna lagi aftur í en áherslan á pláss virðist hafa farið í farangursrýmið sem er 390 lítrar. Því til viðbótar er felling aftursæta 40/20/40 sem er óvenju vel í lagt fyrir bíl í þessum flokki. Einnig er gólfíð í farangursrýminu tvískipt svo að það getur verið stallað og skorðað þannig af smærri hluti. Loks er farangurshlfin óvenjuleg, en hana má brjóta saman svo að hún kemst auðveldlega fyrir í



Fótarymi í aftursætum er ekki drjúgt eins og venjan er í smærri bílum.

farangursrýminu og þarf þá ekki að fara í bílskúrinn þegar hún er ekki í notkun.

Rafdrifið afturdrif
Yaris Cross verður boðinn í tvinnútgáfu með 1,5 lítra, þriggja strokka bensínvél. Með rafmótornum mun bíllinn skila 114 hestöflum með 120 Nm tog. Rafhlaðan er af nýrri gerð með 50% meira afli og er auk þess 12 kílóum léttari. Fjórhjóladrifsútgáfan er með rafdrifnu afturdrifi sem virkar upp að 70 km hraða. Þó að Yaris Cross sé ekkert orkubúnt kemst hann vel áfram, en samspil þriggja strokka vélar og CVT-skiptingar gerir hann þó aðeins grófari í akstri en RAV4 til að mynda. Á móti kemur að hann er með vel uppsett fjöðrunarkerfi og liggur bíllinn vel þegar á þarf að halda. Fjórhjóladrifsútgáfan er þar að auki með fjölarma fjöðrun að aftan sem bætir það enn frekar.

Mjög vel búinn
Um mjög vel búinn bíl er að ræða í Yaris Cross og þá sérstaklega ef horft er til stærðarflokksins. Má þar nefna hluti sem ekki sjást venjulega í þessum flokki eins og stæðisaðstoð, rafdrifinn afturhlera og Matrix-aðalljós.

Innandyrar eru nýu tommu upplýsingaskjúr með Smart Connect og leiðsögukerfi gegnum skýið ásamt þráðlausu Apple CarPlay. Þess vegna hljóta herlegheitin að kosta eitthvað en grunnútgáfa Yaris Cross kostar frá 4.750.000 kr. og 4.950.000 kr. sjálfskiptur.

Ódýrasta fjórhjóladrifsútgáfan kostar hins vegar frá 5.580.000 kr. Helstu keppinautar hans hérlandis eru án efa Hyundai Kona Hybrid og Renault Captur PHEV. Tvinnútgáfa Kona kostar frá 4.990.000 kr. en Captur er aðeins fáanlegur í tengiltvinnútgáfu og kostar þannig frá 4.490.000 kr. ■



Veghæð bilsins er 170 mm sem er svipað og hjá stærri jepplingum.



Fyrir miðju er nýr 9 tommu upplýsingaskjúr með þráðlausri tengingu við Apple CarPlay og leiðsögukerfi gegnum netið.

TRYGGÐU ÞÉR JEEP Á LÆGRA VERÐI

ALVÖRU JEPPI. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

5

ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á
DRIFRAFHLÖÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

480.000 KR.
VSK verð-
hækkun um
áramótin*



4xe

JEEP WRANGLER RUBICON
VERÐ FRÁ 9.899.000 KR.**

4xe

JEEP COMPASS
VERÐ FRÁ 6.699.000 KR.*

4xe

JEEP RENEGADE
VERÐ FRÁ 5.750.000 KR.*

Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.
Áætlað er að bílarnir verði tilbúnir til afhendingar í desember.

*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000 KR. um áramótin, vegna VSK hækkana.

**Bjóðum upp á 35"-40" breytingapakka fyrir Wrangler.

 ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16





Hið áberandi grill bílsins er falið undir merkingum og því óvist hvort það verði á endanlegri rafútgáfu.

Rolls-Royce í rafmagnið 2023

njall@frettabladid.is

Rolls-Royce hefur staðfest að von sé á rafdrifnum lúxusbíl frá merkinu í lok árs 2023. Fær hann nafnið Rolls-Royce Spectre en prófanir á bílnum á þjóðvegum hafa þegar farið í gang. Eins og myndin með tilkynningunni sýnir er um að ræða stóran, kúpulaga bíl. Er hann svipaður Wraith af stærð og lagi en sá bíll hefur verið í framleiðslu síðan 2013. Útlit er fyrir að þessi nýi bíll muni leysa

» Tilynning um framleiðslu Rolls-Royce Spectre er sú mikilvægasta síðan að tilkynnt var um stofnun merkisins 1904.

hann af hólmi. Forstjóri Rolls-Royce, Torsten Muller-Otvos, sagði daginn sem tilkynningin kom fram „þann mikilvægasta í sögu Rolls-Royce Motor Cars síðan 4. maí 1904“, hvorki meira né minna, en þá var fyrirtækið stofnað. Rolls-Royce hefur tvisvar áður komið fram með rafdrifinn tilraunabíl á þessari öld. Fyrir meira en áratug sýndu þeir 102EX-tilraunabílinn á bílasýningunni í Genf. Fyrir fimm árum var svo 103 EX frumsýndur sem hugmyndabíll fyrir framtíðar-útlit á bílum merkisins. ■



Mazda hefur prófað endurmerkta Yaris að undaförnu sem bendir til þess að stutt sé í kynslóðaskiptin.

Næsta kynslóð Mazda 2 verður í raun Yaris Hybrid

Toyota-merkið hefur staðið sig vel að undanfögnu varðandi mengunarreglur í Evrópu og það þarf því ekki að koma á óvart að önnur japönsk merki, sem eru í samstarfi við Toyota, nýti sér það. Mazda og Toyota hafa löngum átt samstarf um hönnun og framleiðslu og eru nú í samstarfi um hönnun rafbíla frá merkjunum. Við höfum séð Suzuki endurmerkja bíla eins og RAV4-tengiltvinnbílinn og Mazda mun koma með nýjan Mazda 2 á næsta ári sem er endurmerktur Yaris Hybrid. Að öllum líkindum mun Toyota smíða bílinn fyrir Mazda og þá líklega í verksmiðju Toyota í Norður-Frakklandi. Núverandi Mazda 2 hefur verið á markaði síðan 2014 og kominn tími á endurnýjun, enda uppfyllir bíll án tvinnbúnaðar varla mengunarreglur lengur, sérstaklega í flokki smábíla. ■

Chevrolet deilir fyrstu myndum af keppnis-Corvettunni

njall@frettabladid.is

Chevrolet hefur látið fyrstu myndir af brautarútgáfu Corvette C8 sem kallast Z06. Er hún með stærri stuðara með þremur loftinntökum, en einnig eru brettin breiðari sem bendir til þess að sporviddin sé það líka. Bíllinn fær nýja V8 vél fyrir aftan farþegarýmið. Mun hún leysa 6,2 lítra vélina af hólmi sem skilaði 495 hestöflum, en talið er að sú nýja sé 5,5 lítra og skili kringum



Corvette C8 Z06 er með stærri stuðara og loftinntökum ásamt meiri sporvidd.

700 hestöflum. Er það sama vélin og í C8-R keppnisbílnum sem búin er láréttari sveifarás en áður, sem bæt看 á endingu vélarinnar. Ef hún kemur með þeirri vél má búast við að bíllinn fari í hundraðið á undir þremur sekúndum og nái vel norður fyrir 300 km hraðamörkin. Verður notast við sömu átta þrepa sjálfskiptingu og áður til að koma aflinu til afturhjóla en engin beinskipt útgáfa verður í boði. Mun Z06 bíllinn koma á markað seinni hluta næsta árs. ■



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR

á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær